

182. fundur skóla- og fræðslunefndar

Haldinn á Amtsbókasafninu í Stykkishólmi, 16. mars 2021

og hófst hann kl. 17:00

Fundinn sátu:

Ásmundur Sigurjón Guðmundsson, Björn Sverrisson (BS), Kristín Rós Jóhannesdóttir, Jón Einar Jónsson, Klaudia S. Gunnarsdóttir, Berglind Axelsdóttir (BA), Sigrún Þórsteinsdóttir (SPÓ), , Ragnar Ingi Sigurðsson, Nanna Guðmundsdóttir og Þóra Margrét Birgisdóttir.

Fundargerð ritaði: Jón Einar Jónsson, ritari

2. 1910040 - Starfsemi Grunnskólans í Stykkishólmi - Greinargerð stjórnenda

Lögð fram skýrsla Grunnskólans í Stykkishólmi, stjórnendur fara yfir starfsemi skólans. Skóladagatal 2021-2022 lagt fyrir nefndina. Framlagt.

Umsókn til Stykkishólmsbæjar um kennslukvóta lögð fyrir nefndina, 450 kennslustundir sem er aukning um 17 frá síðasta ári (2020-2021) en jafn margar og voru veturinn þar á undan (2019-2020). Nefndin samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti og þau markmið sem eru baki aukningunni í fjölda kennslustunda, þ.e. stefnuna um Heilsueflandi grunnskóla og gera betur í sérkennslu meðal annars að koma til móts við drengi sem ekki finna sig í skólastarfi.

Þóra Margrét segir frá störfum húsnæðishóps grunnskólans. Þrátt fyrir ýmsar mögulegar og ræddar tilfæringar innahúss, er ljóst að þörf er fyrir að auka rými skólans. Þá er þörf á að bæta starfsaðstöðu starfsfólksins o.fl. Ljóst er að húsnæðismálin eru í viðtækri skoðun.

Skýrsla ytra matsins verður kynnt á fundi með starfsfólki, skóla- og fræðslunefnd og skólaráði miðvikudaginn 17. mars.

Niðurstöður viðhorfskönnunar í stofnunum Stykkishólmsbæjar verða kynntar á starfsmannafundi skipulagsdaginn 26. apríl.